



Umsókn um akstursþjónustu

Megintilgangur akstursþjónustu Akureyrarbæjar er að notendur hennar geti stundað vinnu, nám, þjálfun, notið heilbrigðisþjónustu, hæfingar hvers konar og tómstunda. Fjöldi ferða til annarra nota er háður takmörkunum en miðað við að þær séu ekki fleiri en 20 á mánuði. Miða skal við að ferðir fyrir einstakling verði ekki fleiri í heild en 70 á mánuði.

Akstursþjónusta Akureyrarbæjar er ætluð til afnota fyrir íbúa Akureyrar sem **eru andlega eða líkamlega skertir og ráða hvorki yfir eða geta notað bifreið og geta ekki nýtt sér almenningsfarartæki**. Auk fatlaðra skulu aldraðir hafa forgang að þessari akstursþjónustu uppfylli þeir ofangreind skilyrði. Sjá útdrátt úr reglum aftan á blaðinu.

Almennar upplýsingar:

Nafn umsækjanda:	Kennitala:
Heimilisfang:	Heimasími:
Umsækjandi er: <input type="checkbox"/> Öryrki <input type="checkbox"/> Ellilífeyrisþegi <input type="checkbox"/> Langveikur <input type="checkbox"/> Barn fatlað/langveikt	GSM sími:
<input type="checkbox"/> Býr ein/n <input type="checkbox"/> Býr með öðrum (foreldrum/maka, börnum o.s.frv)	Netfang:
Dvöl utan heimilis (vinnustaður, skóli, stofnun):	
Heimilislæknir eða sérfræðingur sem til þekkir:	
Nánasti aðstandandi / Maki / Foreldri, ef umsækjandi er barn:	Kennitala:
Heimilisfang:	GSM sími:
Tengsl við umsækjanda: <input type="checkbox"/> Maki <input type="checkbox"/> Barn <input type="checkbox"/> Tengdabarn <input type="checkbox"/> Barnabarn <input type="checkbox"/> Foreldri <input type="checkbox"/> Systkini <input type="checkbox"/> Vinur	Netfang:

Hvers vegna er þjónusta þörf: Læknisvottorð þarf að fylgja ef þjónusta er óskað vegna veikinda.

Lýstu með eigin orðum af hverju þú getur ekki nýtt almenningsgöngur, upplýsingar þínar eru til mikillar hjálpar þegar umsóknin er metin.

<p>Óskað er eftir akstursþjónustu:</p> <input type="checkbox"/> Í vinnu <input type="checkbox"/> Í skóla <input type="checkbox"/> Í sjúkraþjálfun <input type="checkbox"/> Í félagsstarf <input type="checkbox"/> Í sund <input type="checkbox"/> Annað _____	<p>Er þörf á akstursþjónustu:</p> <input type="checkbox"/> Allt árið <input type="checkbox"/> Yfir vetrartímann <input type="checkbox"/> Tímabundið, hversu lengi: _____
<p>þarft þú fylgdarmann í/að bílnum:</p> <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	<p>Hvaða eftirfarandi hjálpertæki notar þú:</p> <input type="checkbox"/> Hjólastól <input type="checkbox"/> Göngugrind <input type="checkbox"/> Staf/hækjur <input type="checkbox"/> Engin ofantalin hjálpertæki
<p>Getur þú gengið stiga án stuðnings:</p> <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	<p>Hefur þú aðgang að bíl:</p> <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
<p>Getur þú gengið úti án stuðnings:</p> <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	<p>Getur þú keyrt bíl:</p> <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei

Staður, dagsetning

Með undirskrift sinni samþykkir umsækjandi að búsetusvið leiti frekari upplýsinga um þjónustubörf hjá fagaðilum sem til þekki

Undirskrift umsækjanda eða málsvekjanda

Umsókn má senda á netfangið afgreidslabusetusvid@akureyri.is

Akstursþjónusta Akureyrarbæjar

Akstursþjónusta

Útdráttur úr reglum um akstursþjónustu, sjá heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is

Fyrir hverja er þjónustan ætluð?

Akstursþjónusta Akureyrarbæjar er ætluð til afnota fyrir þá einstaklinga, 6 ára og eldri sem eiga lögheimili í Akureyrarkaupstað og geta ekki vegna langvarandi skerðingar á færni notað almenningsvagnþjónustu og hafa ekki aðgang að eigin farartæki eða geta ekki vegna aðstæðna sinna nýtt sér það.

Með langvarandi skerðingu á færni er átt við skerðingu sem varir í þrjá mánuði eða lengur þar sem talið er að þá sé liðinn það langur tími að ætla megi að kostnaður vegna ferða hafi áhrif á fjárhag viðkomandi.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlum er að ræða, s.s. vegna beinbrota og liðskiptaaðgerða. Í tilvikum þar sem einstaklingar hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet er heimilt að veita akstursþjónustu þótt um sé að ræða færniskerðingu sem varir skemur en þrjá mánuði.

Skipulag þjónustu

Búsetusvið Akureyrarbæjar sér um faglegt mat á þörf fyrir þjónustu og ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna. Strætisvagnar Akureyrar (SVA) sjá um og bera ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar. Akstursþjónusta er almennt veitt virka daga frá kl. 7.30 til kl. 23.30. Um helgar og aðra almenna frídaga er akstrinum sinnt af aðilum sem SVA fær til verksins og tekur Akureyrarbær þátt í kostnaði með sérstökum aksturskortum sem úthlutað er á skrifstofu SVA. Bifreiðastjórum sem annast akstursþjónustu er heimilt að synja akstri í einstöku tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega. Starfsmenn akstursþjónustunnar eru bundnir þagnarskyldu.

Gjaldtaka

Fyrir ferð virka daga frá kl. 7.30 til kl. 23.30 skal greiða sama fargjald og viðkomandi hefði annars greitt með SVA. Fylgdarmaður ferðast ókeypis með fólki sem ekki getur ferðast án aðstoðar. Heimilt er að taka viðbótargjald fyrir akstur í Kristnes. Utan þjónustutíma akstursþjónustunnar geta þeir sem rétt hafa á akstri með leigubifreið notað sérstök kort sem úthlutað er af SVA. Þessi kort gilda sem hluti fargjalds en það sem umfram kann að vera er greitt af farþega.

Afgreiðsla umsókna

Umsóknir um akstursþjónustu skulu berast til búsetusviðs Akureyrarbæjar á sérstökum eyðublaðum sem nálgast má hjá SVA, ráðhúsi Akureyrarbæjar, búsetusviði og á heimasíðu bæjarins. Matshópur skipaður af sviðsstjóra búsetusviðs afgreiðir umsóknir. Matshópurinn hefur heimild til að taka tillit til tímabundinna eða sérstæðra aðstæðna, sem metnar eru sérstaklega hverju sinni. Leiki vafi á rétti til þjónustunnar er matshópnum heimilt að óska viðeigandi vottorða, t.d. frá lækni, sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara eða þroskaþjálfara. Samþykktar umsóknir fara síðan til SVA eða annarra fyrirtækja sem annast aksturinn. Semja skal um reglubundnar ferðir við þjónustuþega en sé um óreglulegar ferðir að ræða, þarf alla jafna að óska flutnings með dags fyrirvara.

Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun Búsetusviðs til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Eyðublað og leiðbeiningar vegna áfrýjunar máls til velferðarráðs Akureyrarbæjar má fá í afgreiðslu búsetusviðs.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun og á eftirfarandi vefslóð er hægt að nálgast kærueyðublað sem er gott fyrir kærendur að styðjast við:

<https://www.velferdarraduneyti.is/kaerunefndir/felagsthjonusta/>